

Ed.

398. Frumvarp til laga

[103. mál]

um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 278 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlinur næstu 9 ár eftir að fjárskiptum lýkur báðum megin við þær, nema vegna fjárskipta. Sleppi kindur yfir varnarlinur, skal þeim tafarlaust slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þrúfaldlega sækja á að komast yfir varnarlinu. Liffæri úr kindum þessum skal merkja greinilega og senda til rannsóknar án tafar. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta þannig, að eigendur fái a. m. k. fullt niðurlagsverð (haustverð) fyrir. Greiða skal þær bætur úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem verð afurðanna hrekkur ekki til.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að láta bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því sem ástæða er til.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að bæta að nokkru tjón vegna banns við flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlinur, ef sýnilegt er, að búfjáreigandi verður fyrir varanlegu tjóni vegna bannsins. Skal sauðfjársjúkdómanefnd ákveða upphæð bóttanna hverju sinni.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur, ef hún telur hættulaust, leyft flutning á sæði milli fjárskiptahólfa í kynbótaskyni, enda sé í hvívetna gætt ýtrustu varúðar og aldrei flutt sæði úr hrútum, þar sem garnaveiki, riða, fósturlát eða aðrir næmir sjúkdómar hafa gert vart við sig, nema með samþykki yfirdýralæknis.

46. gr. hljóðar svo:

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 50000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögglumál.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur heimild til að lækka bótagreiðslur eftir lögum þessum eða fella þær alveg niður, ef réttarrannsókn sannar, að bótaþegi hafi af ásettu ráði eða vítaverðu hirðuleysi brotið fyrirmæli laganna eða fyrirmæli sauðfjársjúkdómanefndar.